

## **Mál nr. 1/2019**

Dómur dómstóls Mótörhjóla- og vélsleðaípróttasambands Íslands í máli nr. 1/2019

Þann 24. febrúar 2020 er dómþing dómstóls MSÍ sett og uppkveðinn svohljóðandi dómur í máli nr. 1/2019, Ágúst Már Viggósson, kt. 140688-3049, Leiðhömrum 33, 112 Reykjavík gegn MSÍ, kt. 500100-3540.

### **Kærufni og kröfugerð:**

Málið var höfðað með kæru Ágústar Mús, hér á eftir nefndur kærandi, dagsettri 23. ágúst 2019.

#### *Kröfur kæranda:*

Kærandi krefst þess að ákvörðun stjórnar MSÍ að keppni í GFH tvímenningsflokki sem fram fór á Sauðárkróki laugardaginn 17. ágúst 2019 hafi ekki verið lögleg, verði ógilt og keppnin dæmd lögleg.

#### *Kröfur kærða:*

Ákvörðun kærða verði staðfest um að keppni í GFH tvímenningsflokki sem fram fór á Sauðárkróki laugardaginn 17. ágúst 2019 hafi ekki verið lögleg.

### **Málsatvik:**

Kærandi keppti í GFH tvímenningsflokki á móti sem fram fór á Sauðárkróki laugardaginn 17. ágúst 2019. Í flokknum voru fjögur lið skráð til keppni. Eftir mótið kvað kærði upp úr með að keppnin hafi ekki verið lögleg því grein 3.1.3. í keppnisreglum MSÍ fyrir GFH Enduro vegna tvímenningskeppni áskilji að minnst 5 lið séu skráð til keppni.

### **Gögn:**

Framlögð gögn eru:

1. Kæra dags. 23.08.2019.
2. Svar stjórnar MSÍ dags. 22.08.2019
3. Tölvupóstur kæranda dags. 19.08.2019.
4. Yfirlýsing stjórna MSÍ ódagsett.

### **Forsendur dóms:**

Deilt er um hvernig skilja eigi grein 3.1.3. í keppnisreglum MSÍ fyrir GFH Enduro vegna tvímenningskeppni, nánar tiltekið orðið „keppandi“. Greinin hljóðar svo:

3. Keppnisreglur MSÍ fyrir GFH Enduro

1. Keppnisfyrirkomulag

1.1. Íslandsmótið í GFH Enduro samanstendur af 2 keppnum eða fleiri.

1.2. Keyrðir eru þrjár (3) flokkar:

GFH Meistaraflokkur

GFH Enduroflokkur

GFH Tvímenningsflokkur

**3.1.3. Til þess að flokkur eða undirflokkur teljist löglegur þurfa minnst 5 keppendur að skrá sig í viðkomandi flokk.**

Í ofangreindri grein merkir orðið keppandi keppniseiningu, einstakling eða lið allt eftir atvikum og samhengi. Í tveimur fyrstu flokkunum er það hver einstaklingur en þegar kemur að tvímenni er það liðið, sem er ein keppniseining. Orðið keppandi þýðir því lið þegar kemur að tvímenningsflokki. Það þarf tvo til að mynda eina keppniseiningu eða lið. Enda væri það merkingarlaust og ómögulegt að fimm *keppendur* væru í tvímenni ef skýra ætti orðið keppandi sem einn einstaklingur. Í lögum MSÍ er orðið keppandi víða notað. Merkingin fer eftir því hvort um einstaklingsgrein eða liðakeppni er að ræða. Merkingin ræðst af samhengi. Þessi notkun orðsins er ekki einskorðuð við lög MSÍ en stjórn MSÍ getur engu að síður skoðað hvort ástæða sé til að orða þetta með skýrari hætti. Þó hægt væri að orða þetta skýrar hefur það ekki þau áhrif að túlka eigi ákvæðið eins og kærandi vill að það sé túlkað. Slíkt gæti hugsanlega komið til greina ef um refsingu eða agaviðurlög væri að ræða gagnvart kæranda en svo er ekki. Því ber að túlka ákvæðið eftir eðli máls og skynsemisrökum.

Fjögur lið voru skráð til keppni en að lágmarki þarf fimm lið til að flokkur teljist löglegur sbr. grein 3.1.3. í ofangreindum reglum MSÍ. Því var keppni í GFH tvímenningsflokki sem fram fór á Sauðárkróki laugardaginn 17. ágúst 2019 ekki lögleg og er því fallist á kröfur kærða í málinu.

#### **Dómsorð:**

Staðfest er ákvörðun stjórnar MSÍ um að keppni í GFH tvímenningsflokki sem fram fór á Sauðárkróki laugardaginn 17. ágúst 2019 hafi ekki verið lögleg.

Stjórn MSÍ kynnir aðilum niðurstöðu dómsins.

Þannig fram farið

Þorsteinn Hjaltason dómari

Jóhann Halldórsson dómari